



ÁFENGISVARNARÁÐ

Alþingi
Erindi nr. P(22)/1167
komudagur 12.3.198

Fréttatilkynning mars 1998.

Ahrif lækkaðs lögaldurs til áfengiskaupa alvarleg.

Ekki er örgrannt um að þær raddir hafi heyrst hérlendis að lækka beri lögaldur til áfengiskaupa en hann er nú 20 ár. Í fyrra kom út bók hjá miðstöð upplýsinga um áfengis- og vímuefnamál í Svíþjóð (CAN) þar sem gerð er grein fyrir rannsóknum, er fram hafa farið allvíða um lönd, á áhrifum breytts lögaldurs til áfengiskaupa. Ýtarlegastar hafa þessar rannsóknir verið í Bandaríkjunum - enda hafa þeir bæði reynslu af hækkun lögaldurs og lækkun.

Í stórum dráttum eru niðurstöðurnar frá Bandaríkjunum sem hér segir: Upp úr 1970 var þeirri skoðun haldið á loft að lækkun lögaldurs hefði að líkindum lítil áhrif þar eð 18 og 19 ára unglingar drykkju hvort eð væri. Allmörg ríki (29) færðu aldursmörkin úr 21 ári allt niður í 18 ár sums staðar. Afleiðingarnar komu fljótlega í ljós. **Slysum á ungu fólki fjölgaði uggvænlega, til að mynda um 54 % milli ára í Michigan og meira en 100 % í Massachusetts. Ekki einasta fjölgaði banaslysum og öðrum alvarlegum slysum í umferðinni á fólki 18-20 ára heldur og á 16-17 ára unglingum. Það sýnir að drykkja færir enn neðar en að mörkum lögaldurs ef lækkuð eru.**

Þegar sýnt var að hundruð bandarískra ungmenna höfðu galdið fyrir lækkun lögaldurs til áfengiskaupa með lífi sínu tóku ýmis ríki að þumlunga sig upp á við að nýju. Þá kom í ljós að úr dró slysum á ungu fólki og áfengisneysla þess minnkaði. **Nú er svo komið að lögaldur til áfengiskaupa er 21 ár um gervöll Bandaríkin. Á Íslandi er hann 20 ár.**

Einn vísindamannanna dregur niðurstöðurnar saman og segir. „Við eigum tveggja kosta vö. Annaðhvort reynum við að vernda líf ungs fólks og limi eða við gefum því kost á að kaupa sér áfengi löglega. Spurningin er hversu mörg mannlíf það kostar að leyfa táningum áfengiskaup. Rannsóknir sýna, svo að ekki verður um villst, að lækkun lögaldurs til áfengiskaupa hefur í för með sér að æ fleiri unglingar láta lífið í umferðarslysum.“

„US General Accounting Office“ (Alríkisendurskoðun Bandaríkjanna) hefur dregið saman niðurstöður úr rannsóknunum og segir að fyrir því séu öruggar vísindalegar sannanir að við hækkaðan lögaldur til áfengiskaupa hafi áfengistengdum umferðarslysum meðal unglinga innan 21 árs fækkað.

Lögaldur í nokkrum fylkjum Kanada var lækkaður. Þar jókst drykkja táninga og slys henni tengd að sama skapi.

Í bókinni „Alcohol Policy and the Public Good“, sem 17 þekktustu vísindamenn heims á sviði vímuvarna rituðu og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin gaf út 1994, kemur fram að **meðal virkustu varna til að koma í veg fyrir tjón af völdum drykkju er hár lögaldur til áfengiskaupa.**

Flestum mun ljóst að áfengisneysla 15-17 ára unglinga mun aukast verulega ef lögaldur til áfengiskaupa verður lækkaður í 18 ár. Slikt gerðist í Bandaríkjunum og

annars staðar þar sem slíkt hefur verið rannsakað enda kaupa unglingar gjarnan áfengi fyrir vini sína sem ekki hafa náð lögaldri til kaupanna. Hér á landi er sérstök ástæða til að gefa gaum að þeirri staðreynd að aldursmörkin lenda á **miðjum framhaldsskólaaldri (menntaskólaaldri)** ef lækkuð verða. Um tvítugt eru hins vegar flestir við háskólanám, starfsnám eða í atvinnu.

Ekki er kunnugt að nokkurs staðar hafi verið sýnt fram á að lækkun lögaldurs til áfengiskaupa hafi stuðlað að minni drykkju og tjóni af völdum hennar.

Heimildir:

Effekter av ändrad inköpsålder på alkoholkonsumtion och skador. Stockholm 1991.

Edwards, Griffith, et al.: Alcohol Policy and the Public Good. New York 1995.